

Hugarflug um skráningarráð í nýjum Gegni

Dags. 6.6.2023/SS

HópaVinna – niðurstöður

1. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að skráningu verði háttáð í framtíðinni? Hver mun sjá um hana?

Hópur 1

- Gervigreindin í framtíðinni, líka skrásetjarar bókasafna.
- Skráningu útgefanda oft ábótavant, er hægt að gera kröfur til þeirra með þeir komi að henni einkum rafræn skráning s.s. skýrslur.
- LBS beri áfram ábyrgð á íslensku efnið.

Hópur 2:

- Vantar reglur um lágmarksskráningu á öllum formum. Á að vera einn skráningarstaður? Ef svo þá vantar fjármagn og endurskoðun á hlutverki LBS.
- Vantar fleiri möguleika: færsluveiðar, gögn sótt annars staðar frá.
- Þróunin verður sú að skráning fer fram á færri stöðum í framtíðinni. Einkavædd?
- Skrásetjarar þurfa að vera sýnilegri.
- Storytel er byrjað að skila inn færslum til LBS, sendu ca. 400 færslur. Meðhöndlun?

Hópur 3:

- Framtíðin mun nota gervigreind en þarf einhverskonar yfirsýn og eftirlit til að laga villur, mannshöndin að hafa auga með.
- Næstu 5-10 ár verður meira um að færslur verði sóttar.
- Þarf að ná samvinnu við útgefendur með að fá tölvutækar upplýsingar sem hægt er að keyra inn í Gegni. Nýta möguleikana í Gegni til slíks.
- Vélflokkun hafin erlendis.

Hópur 4:

- Deiliahagkerfið. Hoobla. Kominn vettvangur svo skráetjarar geti tekið að sér verkefni fyrri önnur söfn.
- Ekki skemmri skráningu. Vantar tíma í skráningu
- Láta kerfið styðja við skráningarferlið.
- Buddy kerfi – vantar skráningarvin. Ekki tími á söfnum til að sinna öðrum söfnum.

2. Hvaða áskorunum standið þið frammi fyrir á ykkar bókasafni? T.d. við að koma nýjum safnkosti í umferð?

Hópur 1:

- Skólasafnamiðstöð Rvík. var lögð niður, vantar upp á skráningu fyrir grunnskóla. Fáir í grunnskólum eru með skráningarheimild. Horft til meira samstarfs/samtals við almenningsbóksöfn en líka spurning með tíma og peninga.
- Erlendu tungumálin með „skrítnu“ stöfunum t.d. pólska, úkraínska, hér væri gott að eiga skráningarvin s.s. Móðurmál.
- Tekur langan tíma til að tengja, of mörg klikk við að koma safnefni áfram, hæggangur í kerfinu hjólið of lengi að snúast. Tenging í gegnum aðfangabátt.

Hópur 2:

- Skemmri skráning, þarf að vera einhver sem ber ábyrgð á því að klára skráningu.
- Vantanaskráning – á LBS íslenskt efni
- Borgarbókasafnið sjái um skráningu Overdrive/Rafbókasafn.
- Rafræna efnið áskorun.
- Vantar samráðsvettvang fyrir alla til að fá skjót svör. Vanda ekki að virka, hvað þá og hver ber ábyrgð á? Hvert getum við leitað til að fá skjót svör?
- Aukin samvinna – aukið samstarf.
- Vantar fulltrúa hópa sem gætu svarað fyrir hvert efni bækur, tónlist o.s.frv., efnisvið eru fjölbreytt.

Hópur 3:

- Margrét B. á skólasafnamiðstöð skráir mest efni frá Menntamálastofnun (og er nú nafnlaust) þ.e. alls kyns kennsluefni og stuðningsefni. Einnig bækur á erlendum tungumálum tungum, pólskar, úkraínskar, bækur á kyrillísku letri o.s.frv. fyrir Rvík. söfn. Annað efni íslenskt kemur tiltölulega fljótt inn fyrir grunnskóla því almenningsbókasöfnin eru fljót að skrá.
- Mjög fáir sem eru með skráningarheimild í grunnskólum í Rvík.
- Skólasöfn út á landi eru flest án starfsfólks með skráningarheimildir. Sum fá hjálp frá almenningasafni en þau eru alls ekki alltaf aflögufær. Skólasöfnin eru því í tómarúmi. Þau eru ekki með sérfræðinga og ekki með mikinn tíma og vantar fagþekkingu til að skrá. Ekki bara bækur líka spil, leikir, rafrænt efni.
- Þó hægt sé að kaupa færslur þá vilja skólastjórnar ekki greiða fyrir þá vinnu. Yrði erfitt að fá að nota slíka þjónustu ef væri í boði.
- Mikill tími fer í efni sem er ekki á íslensku. Listaverkabækur og slíkt.
- Almennt vantar oft fagþekkingu á lítil söfn.
- Í framhaldsskólum hefur mikill tími farið í frumskráningar á erlendu sérhæfðu efni.

Hópur 4:

- Skráningarsamvinna, þær koma sínum safnkosti inn. Vita vel af vandamálum grunnskóla en hafa ekki tíma til að vinna fyrir aðra.

3. Gegnir er samstarfsverkefni, hvernig skiptum við með okkur verkum? Skráning, gæðaeftirlit innan safnakjarna, landskjarna.

Hópur 1:

- Skráningarráð þarf að starfa áfram. Þeir sem eru mikið í skráningu séu handleiðarar (fjaraði út).
- Handbók skrásetjara: vantar fleiri ítarlegri dæmi.
- Samskipti: Vanda er ekki að virka.
- Vantar kennslu og flýtleiðir í skráningu. Hægagangur í tengingu og skráningu.
- Viljum gæðaeftirlit eftir safnakjarna.
- Leggja Gegnisnafnið niður og nota Alma?

Hópur 2:

- Þarf að vera gæðaeftirlit í hverjum kjarna/eftir safnategundum og góðir hópar.
- Hver tegund eigi sinn hóp til ráðagerða.
- Stuðningshópar fyrir mismunandi safnahópa.
- Skráning er mjög falið starf -> tilhneiging til metnaðarleysis.
- Námskeiðshald mikilvægt og handbókin er góð. Vantar þó fleiri dæmi.
- Aukið samvinna og samstarf.
- Gæðaeftirlit í hverjum kjarna. Regnhlíf, skráningarráð efst.

Hópur 3:

- Hugmynd með að kaup og sölu á skráningarþjónustu er athyglisverð. Einu sinni var hægt að kaupa spjöld með skráningu. Hver myndi selja slíka vinnu? Einstaklingar, söfnin sjálf?
- Gæðaeftirlit er samt nauðsynlegt. Þyrfti að vera skráningarhópur og eftirlitsaðilar innan safnakjarna. Heppilegt að skrásetjarar skiptist á með eftirlit/gæðastjórn til að fekking færist á milli manna.
- Þarf að vera tenging inn í Skráningarráð.
- Fólk hefur minni aðgang að spjalli sín á milli úti á landi.

Hópur 4:

- Gott að koma upp litlum hópum skrásetjara sem styðja hvern annan. Koma þyrfti á kerfi til að para saman skrásetjara, þeir vita ekki af hver öðrum.
- Skráningarráð sjái um gæðaeftirlit í landskjarna.

4. Hvernig finnst ykkur að skráningarráð eiga að vera samsett? Hverjir þurfa að eiga fulltrúa í ráðinu? Safnakjarnar? Eruð tilbúin til að starfa í skráningarráði eða vinnuhópum þess? Hvernig viðhöldum við þekkingu og reynslu?

Hópur 1:

- Úr öllum safnakjörnum. Já, við erum til. Höldum þekkingu og reynslu við með samtali og hittingum.

Hópur 2:

- Fleiri dæmi í háskólum.
- Úr öllum safnakjörnum.
- Námskeiðshald. Skráningarráð leggi línur varðandi það.
- Aukið samráð og samstarf. Mikil þörf.
- Erum tilbúnar!

Hópur 3:

- Framhald af spurningu 3. Skráningarráð með fulltrúum frá safnakjörnum nauðsynlegt, ekki of mannmargt.
- Æskilegt að skráningarráð skipi vinnuhópa til að vinna úr stórum málum sérstaklega nú þegar miklar breytingar eru í gangi.
- Þarf kannski fleiri svona fundi eins og var meira.
- Viðhalda þekkingu og reynslu með námskeiðum ; hugarflugsfundum ; skráningarfundum = Endurmenntun. Opið samskiptaform þarf að skoða ;
- Vettvangur fyrir samskipti: Ekki fésbók. Skjalastjórnunarhópur reyndi Teams en virkaði ekki vel. Vanda – gera aðgengilegri (minna formleg)

Hópur 4:

- Til í að vera í skráningarráði. Vilja ekki slá af gæðum. Fulltrúar frá öllum safnategundum/safnakjörnum.
- Vinnuhópar: Þarf gott skipulag til að auðvelda samstarf og virkja nýtt fólk. Þarf að virkja fleira fólk.
- Endurmenntun þarf að sinna. Fræðslufundir skrásetjara partur af því.
- Hræddar við Vöndu, of formleg. Kannski þarf frekar spjallkerfi.

Fleira sem kom fram í spjalli á fundinum

- Fá hóp innan almenningsbókasafna: dæmi japanskt efni. LBS þekkir ekki. Teiknimyndasögur erlendar, grafískar skáldsögur.
- Væri gott að hafa hugarflugsfundi, vinnustofur með markvissum umræðum. Skipta í hópa. Blanda úr safnakjörnum, styrkur, heyra mism. sjónarmið.
- Væri áhugavert að heyra sjónarmið stjórnenda/forstöðumenn safna og notenda.
- Hver hefur tíma og peninga? sum söfn ýta yfir á aðra. Erfitt að skrá með krakka yfir sér. Ekki nóg að hafa bækurnar í skólastofum.
- Ef svf. eru ekki tilbúin til að skrá safnkost/greiða fyrir þá er ekki hægt að vera með safn.